

10. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ákvæður, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, heildsöluverð á framleiddum og innfluttum áburði. Skal verðið miðað við sjónarmið þau, sem fram koma í 2. gr., og að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Eignir skulu þá metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum hæfilegum afskriftum.

11. gr.

Innanlands selur Áburðarverksmiðjan áburð þann, sem hún framleiðir eða flytur til landsins, einungis búnaðarfélögum, samvinnufélögum, verzlunarfélögum, kaupmönnum, hrepps- og bæjarfélögum, eða öðrum opinberum aðilum.

12. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari, samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þó skal ekki reikna landsútsvar af verzlun með innfluttan áburð.

13. gr.

Reikningsár áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár, svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum.

14. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun áburðarverksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51 28. janúar 1935, um verzlun með tilbúinn áburð, lög nr. 69 28. maí 1969, um Áburðarverksmiðju ríkisins, og lög nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað ca. 16.5 ha. af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi, sem fellur undir skipulag nýs byggðahverfis í Hafnarfirði.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Þó skal Hafnarfjarðarkaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem kann að hafa orðið vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs í sambandi við skipulagsgerðir kaupstaðarins.

Andvirði landsins skal Hafnarfjarðarkaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Hafnarfjarðarkaupstað var gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er Hafnarfjarðarkaupstað að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna, en óheimilt er Dalvíkurhreppi að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.



L Ö G

um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að efla islenzkan landbúnað og treysta byggð í sveitum landsins, m. a. með því að styðja:

1. Aukna og fjölþættari ræktun og nýtingu uppskerunnar.
2. Byggingar og tæknibúnað í sveitum.
3. Hagkvæmt skipulag byggðar.

Lánveitingar og ríkisframlög eftir lögum þessum skulu vera í sem nánustu samræmi við eðlilegar þarfir landbúnaðarins.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

II. KAFLI

Um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

2. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðarbanka Íslands. Um samband Stofnlánadeildarinnar við aðrar deildir bankans fer eftir lögum um Búnaðarbanka Íslands.